



1804170/511.12 SP

Kópavogsbær, kt. 700169-3759, annars vegar og Lionsklúbbur Kópavogs, kt. 670476-0659, hins vegar gera með sér svohljóðandi

DRÖG 12.4.2021**SAMSTARFSSAMNING****um endurbætur og uppbyggingu á íbúðarhluta Kópavogsbúsins****1. gr.****Markmið samningsins**

Kópavogsbær og Lionsklúbbur Kópavogs skuldbinda sig með samkomulagi þessu til samstarfs um endurbætur og uppbyggingu á íbúðarhluta Kópavogsbúsins við Kópavogstún 14, F206-3360, en um er að ræða 124 m² einbýlishús. Kópavogsbær skuldbindur sig til þess að leggja fram fjármagn til verkefnisins og Lionsklúbbur Kópavogs sér um og tekur fulla ábyrgð á endurbótum og uppbyggingu og leggur fram fjármagn til verkefnisins til jafns við Kópavogsbæ.

Með verkefninu er stefnt að því að lagfæra og standsetja elstu byggð Kópavogs og nýta þetta sögufræga hús sem aðstöðu fyrir foreldra langveikra barna sem eru í skammtíma hvíldarinnlögn í Rjóðrinu, hjúkrunar- og endurhæfingardeild fyrir langveik og langveik fötluð börn. Þá er stefnt að því að aðstaðan verði nýtt fyrir aðstandendur þeirra sem njóta þjónustu Líknardeildar.

2. gr.**Verkefnisstjórn**

Verkefnisstjórn verður sett yfir verkið, skipuð einum fulltrúa frá hvorum samningsaðila. Í upphafi skal verkefnisstjórn gera ástandsgreiningu á húsinu að innan og utan með aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa. Að gerðri ástandsgreiningu skal rituð skýrsla um fyrirhugaðar framkvæmdir ásamt verk- og greiðsluáætlun. Óheimilt er að hefja framkvæmdir fyrr en verk- og greiðsluáætlun hefur verið samþykkt af hálfu Kópavogsbæjar, sbr. 3. gr.

Verkefnisstjórn fundar eftir þörfum en á framkvæmdatíma skal halda verkfundi aðra hverja viku þar sem farið skal yfir framvindu verksins m.t.t. verk- og greiðsluáætlunar o.fl.

3. gr.**Ákvarðanataka**

Eftirfarandi ákvarðanir skulu bornar undir sviðsstjóra umhverfissvið:

- Verk- og greiðsluáætlun, sbr. 2. gr.
- Breytingar á innra skipulagi hússins.
- Val á byggingarefni innan- og utanhúss.
- Óvænt atriði sem upp kunna að koma á framkvæmdatíma.

4. gr.**Verkefni Lionsklúbbs Kópavogs**

Lionsklúbbur Kópavogs tekur að sér að gera upp íbúðarhúsnæði Kópavogsbúsins við Kópavogstún 14. Lionsklúbburinn ber fulla ábyrgð á öllum framkvæmdum vegna endurbóta íbúðarhúsnæðisins, þ. á m. samráði við verkefnisstjórn, Kópavogsbæ, Minjastofnun Íslands,



leyfisumsóknum, með þeim fyrirvara að ekki sé verulegur aukakostnaður vegna myglu. Skal þá tilkynna Kópavogsbæ um það og ákvörðun tekin um skiptingu kostnaðar. Að loknum framkvæmdum á íbúðarhúsnæði verður tekin ákvörðun um endurbætur á útihúsum, F206-3361.

Lionsklúbbur Kópavogs leggur 25.000.000 kr. til verkefnisins, til jafns við Kópavogsbæ. Í þessari fjárhæð er ekki meðtalin sjálfboðavinna félagsmanna. Leggja skal fram mánaðarlega til verkefnisstjórnar reikninga fyrir vöru og aðkeyptri vinnu/þjónustu, sem sýni fram á útgjöld.

Byrjað skal á framkvæmdum utanhúss og stefnt skal að því að ljúka þeim sumarið 2021.

Framkvæmdum innanhúss sem og að utan skal að fullu lokið 15. desember 2022.

5. gr.

Framlag Kópavogsbæjar

Kópavogsbær leggur 25.000.000 kr. til verkefnisins, til jafns við Lionsklúbb Kópavogs. Greiðslur bæjarins miðast við að Lionsklúbbur Kópavogs hafi á hverjum tíma lagt fram samsvarandi fjárframlag í verkið. Greiðslur Kópavogsbæjar verða eftirfarandi:

Janúar 2022	5.000.000 kr.
Apríl 2022	5.000.000 kr.
Júlí 2022	5.000.000 kr.
Október 2022	5.000.000 kr.
Desember 2022	5.000.000 kr.

6. gr.

Leiga húsnæðisins

Kópavogsbær veitir Lionsklúbb Kópavogs endurgjaldslaus afnot af íbúðarhúsnæðinu til 20 ára frá lokum framkvæmda.

Lionsklúbbur Kópavogs sér um viðhald, rekstur annan en fasteignagjöld, og varðveislu íbúðarhúsnæðisins á leigutímanum. Gerður skal ítarlegri samningur um leiguna við upphaf leigutímabils.

7. gr.

Gildistími

Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara.

Leiði ástandsgreining hússins í ljós að ástand þess er mun verra en gert var ráð fyrir, skal endurskoða samning þennan.

Af samningnum skulu undirrituð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Gert í Kópavogi þann _____ apríl 2021.



F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Lionsklúbbs Kópavogs